

Alþingi
Umhverfis og samgöngunefnd
sent á netfang nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 17. febrúar 2022

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hringtengingu rafmagns á Vestfjörðum. 171. mál – 152. löggeðing

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga beinir því til Alþingis að efni þingsályktunar verði samþykkt, enda leiði sú samþykkt til, að settur verði forgangur í að leysa þau verkefni sem fyrir hendi eru í flutningsmálum og afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum.

Þannig ítreki Alþingi þann vilja sem settur var fram með samþykkt þingsályktunar 26/2018 um flutningsmál raforku, þess efnis að úrlausn orkumála á Vestfjörðum verði sett í forgang. Horfa verði þar jafnt til meginflutningskerfis og stöðu einstakra byggðarlaga og aukinni eftirspurn eftir raforku til að mæta vaxandi atvinnulífi, fjölgun íbúa og orkuskiptum. Stefna beri á að meginþungi verkefna verði komin af stað um og eftir árið 2025.

Greinargerð.

Í greinargerð þingsályktunar sem er hér til umsagnar, er ágæt lýsing á stöðu flutningskerfis og afhendingaröryggis raforku á Vestfjörðum. Ekki síður hvernig staðan hefur haldið samfélögum og atvinnulífi á Vestfjörðum í fjötrum og verður að óbreyttu hindrun á vaxtarmöguleika landshlutans á komandi árum.

Vestfirðir í forgang.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur mikilvægt að benda á vilja Alþingis í þingsályktun 26/2018, þar sem tilgreint er að flutningsmál raforku á Vestfjörðum verði sett í forgang auk tveggja annarra landshluta. Í Kerfisáætlunum Landsnets 2020-2029 og drögum að Kerfisáætlun 2021-2030 eru tillögur um viðamiklar úrbætur á flutningskerfi á landinu (Byggðalínu) til ársins 2030, tryggð verður svokölluð, N – 1, tenging (að til reiðu sé varatenging þannig að ekki verði rof á afhendingu raforku).

Vestfirðir eru þar tilgreindir á árinu 2030 með N-1 tengingu fyrir Vestfirði þ.e. í Mjólka og verða þannig síðastir landshluta að ná markmiðum þingsályktunar um flutningskerfi raforku. Þessi staða er óásættanleg og mikilvægt að fá samþykkt Alþingis um að fela ríkisstjórn að jafna hér hlut Vestfjarða. Alþingi er þá einnig að svara ákalli í ályktun 66. Fjórðungspings Vestfirðinga um orkumál, þess efnis að starfshópur iðnaðarráðherra sem skipaður var á í júní á síðasta ári um orkumál á Vestfjörðum, skili tillögum nú á fyrri hluta árs 2022.

Gögn til úrvinnslu tillagna

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur einnig að fyrir liggja nægar greiningar og annað efni til mótun tillagna um úrlausn mála á Vestfjörðum. Hér er vísað til vinnu starfshóps iðnaðarráðherra sem fjallaði um afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum á árabílinu 2011 til 2020 og gerði tillögur að sértækum verkefnum á Vestfjörðum. Landsnet hefur einnig allt frá 2009 fjallað um stöðu og lýst mögulegum leiðum að úrbótum á flutningskerfi raforku á Vestfjörðum, nú síðast í desember 2021.

Margþætt gögn liggja því fyrir um stöðu flutningsmála raforku og afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. Hér verður jafnframt að horfa til stóraukinnar eftirspurnar á næstu árum eftir raforku frá atvinnulífi og samfélögum á Vestfjörðum samkvæmt raforkuspá sem Fjórðungssamband Vestfirðinga gaf út 2020 <https://www.vestfirdir.is/static/files/Orkumal/6225-001-sky-001-vo4-svidsmyndir-raforkunotkunar-a-vestfjordum.pdf>. Orkuþörf vegna orkuskipta koma hér til viðbótar.

Tillaga um framkvæmd

Rétt er að tilgreina að margvíslegum úrbótum hefur verið komið í framkvæmd á síðasta ártug á vegum Landsnets og Orkubús Vestfjarða. Hinsvegar, þá hefur fram til þessa ekki verið lögð fram heildstæð tímasett og fjármögnuð áætlun um, hvenær og hvernig Vestfirðir verði settir í forgang og nái samkeppnishæfri stöðu miðað við aðra landshluta. Hér þarf að vinna tvær tillögur samhliða, annars vegar tillögu sem gerir ráð fyrir samspili flutningskerfis og nýrra virkjana, hinsvegar tillögu með flutningskerfis án aðkomu virkjana.

Áfangaskipt verkefni með samspili nýrra virkjana og endurbóta á flutningskerfi sem hluti af hringtengingu Vestfjarða við meginflutningskerfi landsins eru æskileg. Því vandi flutningkerfisins í dag eru langar flutningsleiðir, sem leiða til taps í kerfinu auk áhrifa veðurs á afhendingaröryggi á stórum hlutum Vestfjarða hverju sinni. En með aukinni raforkuframleiðslu innan Vestfjarða kemur strax ávinningur í aukinni flutningsgetu núverandi kerfis og svæðisbundið N-1 afhendingaröryggi. Hér þarf að stilla upp tímasetta áfangar ásamt mati á framkvæmdakostnaði og fjármögnun verkefna.

Dæmi um áfanga af þessu tagi eru tengipunktur í Ísafjarðardjúpi með tengingu í virkjanir sem tilgreindar eru í nýtingarflokki Rammaáætlun þ.e. við Ísafjarðardjúp og á Ströndum. Hér má einnig nefna nýjar hugmyndir um virkjun í Vatnsfirði og tengingu hennar í Mjólka og að nýju tengivirki í Kollafirði í Múlasveit.

En eins og kemur fram í greinargerð þingsályktunarinnar þá hafa áform um vatnsaflsvirkjun í Hvalá mætt mikilli andstöðu, en ekki hefur reynt eins á aðra tilgreinda virkjanakosti og eða rekstrarforsendur þessara virkjanakosta. Því verður vinna samtímis að annarri áætlun um hringitengingu flutningskerfis raforku á Vestfjörðum án tillits þessara virkjanakosta.

Útbætur á tengingum byggðarlaga á Vesifjörðum

Fjórðungssamband Vestfirðinga beinir því einnig til umhverfis og samgöngunefndar Alþingis að aukið verði við efni þingsályktunina um hraðað verði einnig hringtengingu allra byggðarlaga á Vestfjörðum (N-1 tenging) samhliða hringtengingu Vestfjarða, en í þingsályktun 26/2018 er miðað við árið 2040 í þeim efnum. Stuðningur getur verið margvíslegur, beinn stuðningur við dreifikerfi s.s. þrífösunarverkefni, eins getur bygging smávirkjana liðsinnt í þessum efnum en bent hefur verið á að reglugerðarumhverfi smávirkjana sé flókið og tímafrekt. Setja ætti síðan aukinn stuðning til rannsókna á nýtingu jarðvarma við þéttbýli á Vestfjörðum, en yrði að slíkum verkefnum s.s. á Ísafirði og Patreksfirði losnar um orku sem fer í dag til rafhitunar, slík niðurstaða myndi einnig hafa jákvæð áhrif á flutningsmál raforku almennt.

f.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.

Viðauki, ályktanir 66. Fjórðungsþings Vesifirðinga [samþykktar-alyktanir-uppfaert-66.-fjorungsthings-haust-.pdf](#) ([vestfirdir.is](#))

Ályktun um orkumál á Vesifjörðum:

66. Fjórðungsþings Vestfirðinga, haustþing haldið á Ísafirði 22. og 23. október 2021 hvetur iðnaðarráðherra að beina því til starfshóps ráðherra um orkumál á Vestfjörðum, að hraða störfum og setja sér markmið um að skila niðurstöðu á fyrri hluta árs 2022.

Alþingi samþykkti árið 2018 að Vestfirðir verði í forgangi varðandi raforkumálum samkvæmt þingsályktun um afhendingaröryggi raforku. Eins eru sett að markmiði að flutningskerfi raforku verði hringtengt í hverjum landshluta fyrir lok árs 2030 og öll byggðarlög fyrir lok árs 2040. Iðnaðarráðherra lagði fram á Alþingi í febrúar 2021 ný stefnuskjöl stjórnvalda um orkumál á Íslandi. Þar eru sett fram markmið sem eiga að stuðlað jöfnun samkeppnisstöðu landshluta um aðgengi og afhendingaröryggi raforku. Uppbygging atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum hefur gengið hratt fyrir sig á undanfönum árum auk þess sem ný markmið hafa verið sett um að hraða orkuskiptum. Markmið stjórnvalda í orkustefnu styðja við þessa þróun en ekki hafa verið settar fram tímasett verkefni til að ná því markmiði á Vestfjörðum. Að óbreyttu mun þessi staða nær stöðva framþróun samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum.

Ítarlegar greiningar um afhendingaröryggi raforku og stöðu orkumála samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum er að finna í skýrslum starfshópa iðnaðarráðherra allt frá árinu 2011. Eins liggja fyrir greiningar og drög að tillögum til úrlausnar um hið sama, í skýrslum Landsnets og í Kerfisáætlunum Landsnets á síðustu árum, auk umsagna Fjórðungssambands Vestfirðinga og fleiri aðila um þær áætlanir. Um er að ræða tillögur um tvöföldun Vesturlínu og stuðla eigi að uppbyggingu nýrra vatnsaflsvirkjana. Fjórðungsþing Vestfirðinga skora því á iðnaðarráðherra að nýr starfshópur ráðherra um orkumál á Vestfjörðum, nýti þau gögn sem liggja nú þegar fyrir og skili tillögu um tímasett verkefni á fyrri hluta árs 2022.

Fjórðungsþing fagnar öllum aðgerðum sem lúta að því að auka raforkuöryggi og framleiðslu á Vestfjörðum. Þá fagnar þingið þeim áhuga sem vindorkuframleiðendur hafa sýnt svæðinu. Fyrir liggur skýrsla verkefnisstjórnar 4. áfanga rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða frá því í mars 2021. Skýrslan gerir m.a. ráð fyrir vindorkugarði í Garpsdal í nýtingarflokk, en undirbúningur er langt kominn. Skipulagsstofnun hefur ekki samþykkt skipulagstillögur um vindorkugarða vegna skorts á lagaheimildum um vindorku að mati stofnunar. Mikilvægt er að finna vindorku framtíðar farveg innan verndar- og orkunýtingaráætlunar (rammaáætlun). Eða leita annarra lausna er nýtingu vindorku til að leysa úr þeirri pattstöðu sem rammaáætlun er í.

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd

17.2.2022
2022-02-6/0.11.1

Efni: Umsögn - Hringtenging rafmagns á Vestfjörðum, þskj. 173 – 171. mál

Vísað er til erindis umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 27. janúar sl, þar sem Landsneti er send til umsagnar til umsagnar tillaga til þingsályktunar um hringtengingu rafmagns á Vestfjörðum. 171. mál. Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að tryggja Vestfirðingum sama afhendingaröryggi rafmagns og öðrum landsmönnum með því að koma á hringtengingu rafmagns á Vestfjörðum.

Afhendingaröryggi rafmagns á Vestfjörðum hefur lengi verið lakara en víðast annars staðar á landinu. Það skýrist annars vegar af því að svæðið er eingöngu tengt með einni línu við meginflutningskerfið og hins vegar af því að línan liggur um svæði þar sem veðurfarslegar aðstæður geta verið erfiðar. Rétt er að hafa í huga að Reykjanes, Snæfellsnes og Norðausturland eru einnig eingöngu með eina tengingu við meginflutningskerfið, ásamt hluta afhendingarstaða á Austfjörðum.

Í þingsályktun nr. 26/148 um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku hefur m.a. verið mótuð stefna um atriði sem hafa ber að leiðarljósi við uppbyggingu flutningskerfisins. Í stefnunni er kveðið á um að styrking og uppbygging á flutningskerfinu skuli miða að því að auka afhendingaröryggi raforku á landsvísi með sérstakri áherslu á þau landsvæði sem búa við skert orkuöryggi. Þá skulu möguleikar til fjölbreyttrar atvinnusköpunar á landsvísi hafðir að leiðarljósi við uppbygginguna. Allir afhendingarstaðir í meginflutningskerfinu skulu árið 2030 vera komnir með tengingu sem tryggi að rof á stakri einingu valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi. Þá skulu allir afhendingarstaðir í svæðisbundnum hlutum flutningskerfisins árið 2040 vera komnir með tengingu sem tryggi að rof á stakri einingu valdi ekki takmörkunum á afhendingu eða afhendingarrofi. Fram að þeim tíma skal leitast við að tryggja afhendingaröryggi fyrir svæðisbundin flutningskerfi með afli innan svæðis. Í stefnunni er einnig kveðið á um að gæta skal jafnvægis milli efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra áhrifa við uppbygginguna og að standa skuli að henni á opinn og fyrir fram skilgreindan hátt innan ramma kerfisáætlunar, þar sem valkostagreiningar eru lagðar til grundvallar. Á grunni þessarar stefnumörkunar hefur verið unnið af hálfu Landsnets.

Að því er varðar aðgerðir til að bæta afhendingaröryggi á Vestfjörðum þá hafa á undanförunum árum verið gerðar ýmsar endurbætur á flutningskerfinu, eins og bygging nýrrar vararafstöðvar í Bolungarvík, sem hefur bætt afhendingaröryggið mikið á norðanverðum Vestfjörðum. Einnig hefur Bolungarvíkurlína 2, milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar verið endurnýjuð sem jarðstrengur og spennaafl aukið í Mjólka. Tengivirkin í Bolungarvík og á Ísafirði hafa bæði verið endurnýjuð og Ísafjarðarlína 1 hefur verið endurnýjuð að hluta sem jarðstrengur. Tálknafjarðarlína 1 frá Mjólka að Keldeyri hefur verið styrkt og endurbætt að hluta og ýmsar lagfæringar gerðar á Vesturlínu. Þá hefur Landsnet lagt jarðstreng í Dýrafjarðargöng sem hluta af annarri tengingu á milli Mjólkár og Breiðadals. Framkvæmdum við jarðgöngin er að lokið og búið að leggja strenginn í gönginn. Næstu skref verða að tengja strenginn við flutningskerfið og klára áður nefnda tvítengingu. Sú tenging hefur ekki verið tímasett endanlega en er þó fyrirhuguð á næstu 5 til 8 árum.

Auk þessa eru ýmsar aðgerðir á kerfisáætlun Landsnets á næstu árum. Í undirbúningi er að endurnýja tengivirkið í Breiðadal þar sem byggt verður nýtt yfirbyggt 66 kV gaseinangrað tengivirki sem leysir af hólmi núverandi virki. Áætlað er að framkvæmdir hefjist vorið 2022 og að spennusetning verði í árslok 2023. Þá eru á framkvæmdaáætlun framkvæmdir við lagningu nýs 66 kV jarðstrengs frá Bíldudal, nýr 66 kV sæstrengur yfir Arnarfjörð fyrir Langanes með landtak við Auðkúlubót eða Hrafnseyri og lagningu 66 kV jarðstrengs frá Mjólka og að landtaki sæstrengs auk þess sem sett verður upp 3,65 MVAr spóla til útjöfnunar í Mjólka. Á Bíldudal verður nýtt yfirbyggt 66 kV gaseinangrað tengivirki með þremur rofareitum og er þar um að ræða uppsetningu á nýjum afhendingarstað í flutningskerfinu.

Á vegum Landsnets hafa á undanförunum árum verið unnar greiningar á afhendingaröryggi á Vestfjörðum. Í mars 2019 gaf Landsnet út skýrslu um afhendingaröryggi á Vestfjörðum. Í skýrslunni voru skoðaðar nokkrar útfærslur á flutningskerfinu sem gætu bætt afhendingaröryggi á Vestfjörðum.¹ Í desember 2021 gaf Landsnet svo út viðbót við umrædda skýrslu þar sem bætt var við nokkrum kerfisútfærslum og áhrif þeirra á afhendingaröryggið metin.² Eingöngu var um tæknilega greiningu að ræða og ekki horft til umhverfislegra, efnahagslegra eða samfélagslegra þátta. Þá skilaði samstarfshópur til þess að meta leiðir til að bæta raforkuöryggi á Vestfjörðum, sem iðnaðarráðherra skipaði upphaflega árið 2009, skýrslu árið 2020 um bætt afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum.³

Í langtímaáætlun kerfisáætlunar 2021 – 2030 er að finna umfjöllun um styrkingu meginflutningskerfisins á Vestfjörðum.⁴ Það er gert til að bregðast við stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Þeir þrjár afhendingarstaðir sem liggja á vesturlínu, Geiradalur, Glerárskógar og Mjólká uppfylla ekki þetta stefnumið í dag og þarf því að koma til ný tenging á tímabili kerfisáætlunarinnar til að hægt sé að uppfylla stefnuna. Þar eru lagðir fram þrjár valkostir til styrkingar svo að uppfyllt séu markmið í stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfisins.

Tenging við svæðisbundna orkuvinnslu	Tvöföld Vesturlína – ný leið	Tvöföld Vesturlína – gömul leið
I. 132 kV tenging Kollafjörður – Djúpið. Ný orkuvinnsla tengist Djúpinu.	II. 132 kV tenging við byggðalínu, ný leið.	III. 132 kV tenging við byggðalínu, núverandi línuleið.
		

Aðalvalkostur, valkostur I, er að tvöfalda línu milli Mjólkár og Kollafjarðar þaðan sem tenging verður við nýjan afhendingarstað fyrir botni Ísafjarðardjúps. Þessum afhendingarstað er ætlað að tengja nýja orkuvinnslu á Vestfjörðum. Verði ekki af þessum virkjanahugmyndum mun annar hinna tveggja valkostanna koma til álita.

Ákvörðun um framkvæmdir við styrkingu kerfisins á Vestfjörðum lýtur sömu reglum og almennt gilda um slíkar framkvæmdir. Landsneti ber samkvæmt raforkulögum að byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, gæða raforku og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Í þingsályktun nr. 26/148 er kveðið á um að gæta skuli jafnvægis milli efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra áhrifa við uppbygginguna. Þá skal standa að uppbyggingunni á opinn og fyrir fram skilgreindan hátt innan ramma kerfisáætlunar, þar sem valkostagreiningar eru lagðar til grundvallar Fjárfestingar í flutningskerfinu verða hluti af eignastofni sem myndar ásamt fleiru grunn að viðmiðum við ákvörðun tekjumarka. Tekjumörkin eru grundvöllur að gjaldskrá Landsnets og framkvæmdir eru þannig fjármagnaðar í gegnum gjaldskrá. Fylgi fjárfestingum ekki nægjanlegar viðbótartekjur leiðir það til hækkunar á flutningsgjaldskrá. Engin fordæmi eru fyrir því að Ríkissjóður hafi átt beina aðkomu að fjármögnun framkvæmda í flutningskerfi raforku en slík aðkoma er háð reglum um ríkisstyrki.

¹ [Flutningskerfið á Vestfjörðum. Greining á afhendingaröryggi.](#)

² [Áreiðanleiki afhendingar á Vestfjörðum.](#)

³ [Afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum.](#)

⁴ [Kerfisáætlun Landsnets 2021-2030. Langtímaáætlun um brún flutningskerfis raforku.](#)

Ákvörðun um styrkingu flutningskerfisins á Vestfjörðum ræðst m.a. af því hvort af virkjunarhugmyndum verður á Vestfjörðum. Í tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða sem liggur fyrir Alþingi eru tvær vatnsaflsvirkjanir í orkunýtingarflokki. Þá hafa nokkrir aðilar uppi áform um vindlundu og aðrar virkjanir á svæðinu. Þessi áform þurfa að vera skýr áður en tekin er afstaða til þess hvaða leið er farin við styrkingu flutningskerfisins á Vestfjörðum. Einnig skal nefna að starfandi er starfshópur um raforkumál á Vestfjörðum á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og á Landsnet fulltrúa í starfshópnum. Von er á tillögum frá hópnum um úrbætur í orkumálum Vestfjarða á næstu vikum.

Virðingarfyllt,



Guðjón Axel Guðjónsson, lögfræðingur Landsnets hf.

Ísafjörður 10. febrúar 2022

Efni: Tillaga til þingsályktunar um hringtengingu rafmagns á Vestfjörðum

Umsögn Orkubús Vestfjarða

Orkubú Vestfjarða fagnar framkominni tillögu sem hefur í raun það megin markmið að koma á N-1 tengingu á afhendingarstöðum Landsnets á Vestfjörðum. Hringtenging er orð sem gjarnan er notað í stað þess að tala um N-1 tengingu afhendingarstaða og er notað hér jöfnum höndum. Í umsögninni verður farið yfir þær áherslur sem Orkubú Vestfjarða telur nauðsynlegt að leggja til grundvallar til að ná sem bestum árangri sem fljótast í að uppfylla ofangreint megin markmið.

Meginflutningskerfið og svæðisbundna kerfið

Stefna stjórnvalda er skýr í þeim efnum að N-1 tengingu verði komið á í meginflutningskerfinu fyrir árið 2030. Rétt er að áréttta að afhendingarstaður Landsnets í Mjólka er einmitt í meginflutningskerfinu ásamt Geiradal við mynni Gilsfjarðar. Landsnet er hins vegar einnig með svæðisbundið kerfi á Vestfjörðum og stefna stjórnvalda er að afhendingarstaðir Landsnets í svæðisbundna kerfinu verði komnir með N-1 tengingu árið 2040. Afhendingarstaðirnir í svæðisbundna kerfinu eru Breiðadalur í Önuðarfirði, Ísafjörður og Bolungarvík á norðanverðum Vestfjörðum og Keldeyri við Tálknafjörð á suðursvæði Vestfjarða.

Það er skilningur Orkubús Vestfjarða að það sé í raun vilji flutningsmanna tillögunnar að allir afhendingarstaðir Landsnets á Vestfjörðum séu N-1 tengdir (hringtengdir), en ekki eingöngu þeir afhendingarstaðir sem tilheyra meginflutningskerfinu. Áform Landsnets eru reyndar þau að svæðisbundna kerfið verði með N-1 tengingu innan 10 ára og þar af sunnanverðir Vestfirðir um Keldeyri innan 3 ára.

Þetta er mikilvægt að hafa í huga í ljósi þess að tvöföldun flutningslínunnar úr Hrútatungu á Mjólka er um 160 km, en til viðbótar þarf þá að gera ráð fyrir tvöföldun svæðisbundna kerfisins á milli Mjólkár og Breiðadals 35 km og á milli Mjólkár og Keldeyrar 30 km, eða samtals 65 km til viðbótar við 160 km Vesturlínu.

Það er öllum ljóst að verkefnið er af þeirri stærðargráðu að reikna verður með áfangaskiptingu þess, en einnig þarf að skoða það gaumgæfilega hvort hægt sé að ná sama árangri í afhendingaröryggi með hagkvæmari hætti.

Kemur þá að megin þunga þessarar umsagnar, en það er aðferðarfræði og möguleg forgangsöröðun verkefna til að tryggja Vestfirðingum sem best afhendingaröryggi raforku sem fyrst.

Tvöföldun Vesturlínu er dýrasta leiðin og hugsanlega sú seinfarnasta

Vesturlína er samheiti þriggja loftlína, þ.e. Glerárskógalínu, Geiradalslínu og Mjólkár línu. Vesturlína er á spennustiginu 132 kV og getur, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, flutt afl sem nemur tvö- til þreföldu því flutningsmagni sem um hana fer í dag. Hæstu flutningstoppur á línunni eru um þessar mundir um 35MW, en sambærilegar línur í Byggðalínuhringnum flytja jafnvel yfir 100MW. Flutningsgeta sjálfrar línunnar er því langt frá því að vera komin að þölmörkum.

OV hefur áhyggjur af því að tvöföldun Vesturlínu gæti hæglega tekið meira en áratug, enda þarf að ná samkomulagi við eigendur meira en 70 jarða sem línan færir um og gætu eigendur hæglega verið taldir í hundruðum.

Það er þekkt staðreynd að afhendingaröryggið á Vestfjörðum verður einungis bætt með því að flytja orkuna með öruggum hætti eftir línunni inn á svæðið eða með framleiðslu raforkunnar á Vestfjörðum.

Orkubú Vestfjarða telur mikilvægt að skoða fleiri leiðir en eingöngu tvöföldun 160 km langrar flutningslínu úr Hrutatungu í Mjólka. Reynslan hefur sýnt að línulagnir á milli landsfjórðunga og jafnvel innan þeirra hafa gjarnan verið tímafrekar, vegna deilna við landeigendur eða jafnvel sveitarfélög og vegna skipulagsmála og leyfisveitinga.

Vegna veikleika Byggðalínuhingsins er aukning á flutningsgetu línunnar umfram núverandi toppa takmörkuð við 10 til 15MW skv. upplýsingum Landsnets. Um leið og Byggðalínuhringurinn hefur verið styrktur, en ekki fyrr, er mögulegt að auka orkuflutning verulega um Vesturlínu. Flutningsgeta línunnar eykst svo enn með aukinni framleiðslu í virkjunum innan Vestfjarða, að því er útreikningar gefa til kynna.

Segja má að aukið uppsett afl í virkjunum innan Vestfjarða hafi tvöföld áhrif. Það eykur aðgengi Vestfirðinga að uppsettu afli frá viðkomandi virkjunum, en um leið skapar þetta uppsetta afl aukna möguleika til flutnings eftir flutningslínunni, m.ö.o. þá aukast möguleikar á hærra uppsettu afli línunnar með því að byggð sé virkjun á svæðinu.

Hagkvæm leið og líklega fljótfarnari til N-1 tengingar

Orkubú Vestfjarða hefur á undanförunum misserum vakið athygli á virkjunarkosti sem Vestfirðingar eiga í Vatnsfirði. Um er að ræða virkjun sem gæti verið af stærðargráðunni 20 til 30 MW. Uppistöðulón slíkrar virkjunar yrði við Vesturlínu á þegar röskuðu svæði og hið sama gildir um stóran hluta fallpípu virkjunarinnar uppi á hálendinu. Stöðvarhús virkjunarinnar yrði innarlega í Vatnsdal í Vatnsfirði en borað yrði fyrir fallpípunni inni í fjallshlíðinni upp í 250 metra hæð og pípan eða rask vegna hennar ekki sjáanlegt.

Orkumagn grænnar orku í lónum virkjunarinnar yrði 10 falt það magn sem nú er hægt að geyma í uppistöðulónum 11MW Mjólkár virkjunar sem er stærsta virkjunin á Vestfjörðum. Ekki þyrfti að keyra varaafli á stærstu þéttbýlisstöðum Vestfjarða jafnvel þótt Vesturlína væri úti svo vikum skipti t.d. vegna hamfara í veðrinu eða meiri háttar fyrirbyggjandi viðhalds. Hringtenging svæðisbundna kerfisins kæmi svo í veg fyrir að keyra þyrfti varaafli vegna viðhalds á flutningslínunum innan svæðisins.

Áfangar í hringtengingu

Tenging virkjunarinnar verður að líkindum sjálfstæð 132 kV lína í tengivirki Landsnets í Mjólka, sem tryggði þar með N-1 tengingu afhendingarstaðarins, en um væri að ræða innan við 20 km langa línu.

Það er mikilvægt innlegg í umræðuna um tvöföldun

flutningslínunnar að einmitt þessi lína sem tengdi Vatnsfjarðarvirkjun við tengivirkið í Mjólka gæti síðar orðið fyrsti hluti tvöföldunar á Vesturlínu. Áður væri hins vegar búið að tvöfalda svæðisbundna kerfið frá Mjólka til sunnan- og norðanverðra Vestfjarða. Eftir að virkjun væri tekin í notkun mætti síðan áfangaskipta áframhaldandi tvöföldun/styrkingu Vesturlínu enda hefðu notendur aðgang að orku frá virkjuninni. Eðlilegt væri að hugsa næsta áfanga tvöföldunar frá Vatnsfirði í Kollafjörð þar sem reiknað er með að fyrirhugaður tengipunktur Landsnets í Ísafjarðardjúpi tengist inn á Mjólkarlínu, en honum gætu mögulega tengst virkjanir í Ísafjarðardjúpi eða Hvalárvirkjun.

Virkjun í Vatnsfirði

Varðandi þennan fyrsta áfanga í tvöföldun Vesturlínu, þ.e. á milli Vatnsfjarðar og Mjólkar er vert að hafa í huga að þar er einungis um tvo landeigendur að ræða, þ.e. íslenska ríkið og Orkubú Vestfjarða. Þegar hefur komið fram að sveitarfélögin sem línan liggur um eru jákvæð fyrir því að lögð sé önnur lína um svæðið vegna afhendingaröryggis raforku. Þá er það einnig mikilvægt að eigandi vatnsréttinda Vatnsfjarðarvirkjunar er einungis einn, en það er íslenska ríkið.


Nú liggur fyrir skýrsla sem unnin var fyrir Landsnet „Áreiðanleiki afhendingar á Vestfjörðum“ (desember 2021) á áhrifum þess á raforkukerfið á Vestfjörðum og afhendingaröryggi rafmagns, að byggð væri 20MW virkjun í Vatnsfirði sem tengd yrði í tengivirki Landsnets í Mjólka. Í úttektinni er jafnframt reiknað með að svæðisbundna kerfið á Vestfjörðum sé orðið hringtengt.

Úttektin sýnir að ótiltæki rafmagns (straumleysi) á Ísafirði minnkar um 90% með tilkomu virkjunarinnar í samanburði við 73% með tvöföldun flutningslínunnar. Hið sama gildir um aðra stóra þéttbýlisstaði á Vestfjörðum.

Orkubú Vestfjarða tekur því eindregið undir þá skoðun flutningsmanna tillögunnar að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að tryggja Vestfirðingum sama afhendingaröryggi rafmagns og öðrum landsmönnum.

Orkubú Vestfjarða telur hins vegar að afhendingaröryggið megi tryggja bæði betur og fyrr með því að setja svæðisbundnu kerfin framar í forgangsröðina og fara í fyrsta áfanga tvöföldunar Vesturlínu á milli Mjólkar og Vatnsfjarðar um leið og unnið verði markvisst að því að koma á fót vatnsaflsvirkjun í Vatnsfirði. Ríkið getur þar haft afgerandi áhrif sem eini landeigandinn.

F.h. Orkubús Vestfjarða



Elías Jónatansson, orkubússtjóri